

Fimmtudaginn 13. febrúar 1997.

Nr. 156/1996.

Skagstrendingur hf.

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Gjaldþrotalög. Nauðasamningar. Skuldajöfnuður. Virðisaukaskattur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1996 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.181.501 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, eins og nánar er greint í héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar á niðurstöðu héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á dómkröfum áfrýjanda, og verði málskostnaður fyrir Hæstarétti þá látinn falla niður.

Hólanes hf., sem höfðaði mál þetta í héraði og áfrýjaði til Hæstaréttar, hefur verið sameinað Skagstrendingi hf., er hefur sem yfirtökufélag tekið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum hins fyrrnefnda félags. Var samruni félaganna auglýstur í Lögbirtingablaði 9. október 1996.

Í málinu er deilt um rétt stefnda samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum til að skuldajafna ógreiddum opinberum gjöldum áfrýjanda á móti kröfu hins síðarnefnda um endurgreiðslu mismunar innskatts og útskatts, eftir að nauðasamningur áfrýjanda og skuldheimtumanna hans var staðfestur með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands vestra 6. september 1994. Í ákvæðinu segir, að kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skuli skuldajafna á móti endurgreiðslum samkvæmt lögunum.

Í dómi Hæstaréttar 9. nóvember 1995, bls. 2582, var tekin afstaða til þess ágreiningsefnis, hvort réttur skattaðila til endurgreiðslu samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1988 verði ríkari við það, að hann hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar samkvæmt ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Var ákvæði 3. mgr. 26. gr. túlkað svo í dómnum, að lögvarin krafa til endurgreiðslu stofnaðist ekki, á meðan skattaðili væri í þeirri skuld við ríkissjóð, sem lýst er í ákvæðinu. Var ekki talið unnt að líta svo á, að ætlun löggjafans með IV. kafla gjaldþrotaskiptalaga hefði verið sú að skapa skuldunaut rétt til greiðslu úr ríkissjóði, sem hann átti ekki áður lögvarða kröfu til. Löggjafinn hefði þurft að taka það skýrlega fram, að skuldajöfnunarregla 3. mgr. 26. gr. virðisaukaskattslaganna ætti að víkja á greiðslustöðvunartíma, og var skuldajöfnuður því ekki talinn óheimill.

Í 60. gr. laga nr. 21/1991 um réttaráhrif nauðasamninga eða öðrum greinum laganna, sem fjalla um slíka samninga, er ekki að finna ákvæði, er talin verða hafa viðtækari áhrif að þessu leyti en ákvæði þeirra um greiðslustöðvun. Samkvæmt því verður ekki fallist á, að skuldajöfnuður hafi verið óheimill eftir staðfestingu nauðasamnings, og verður stefndi því sýknaður af kröfum áfrýjanda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Skagstrendings hf.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Hinn áfrýjaða dóm verður að skilja svo, að áfrýjandi eigi ekki rétt til endurgreiðslu úr ríkissjóði á grundvelli heimildar Hólaness hf. til greiðslustöðvunar og síðar til gerðar nauðasamnings, þegar litið sé til skýringar Hæstaréttar á ákvæði 3. mgr. 26. gr. laga um virðisaukaskatt í dómi 9. nóvember 1995. Hins vegar eigi áfrýjandi óleyst

tilkall til endurgreiðslu sökum þess, að skattkröfur ríkissjóðs, sem innheimtar voru eftir greiðslustöðvun með skuldajöfnuði við áfallandi innskatt félagsins, séu orðnar háðar nauðasamningnum, sem því tókst að ná við lánardrottna sína. Er hið síðara meðal annars í samræmi við þá staðreynd, að umræddur skuldajöfnuður varð ekki studdur ákvæðum 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., þótt hann gæti farið fram í höndum innheimtumanns ríkissjóðs í skjóli fyrrnefndrar lagagreinar. Hljóðar dómurinn þannig í raun um sýknu að svo stöddu, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sú niðurstaða er rétt, eins og kröfugerð áfrýjanda og stöðu málsaðila er farið, og á dómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir Hæstarétti á að falla niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. apríl 1996.

Mál þetta er höfðað með stefnu, sem árituð er um birtingu 19. júní 1995. Það var dómtekið 26. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi málsins er Hólanes hf., kt. 630169-1439, Túnbraut 1, Skagaströnd, en stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.181.501 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum og eftir tímabilum þannig: af 548.354 kr. frá 7. september 1994 til greiðsludags, af 381.445 kr. frá 13. september 1994 til greiðsludags og af 251.702 kr. frá 19. september 1994 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu skv. fram lögðum reikningi.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður að mati dómsins. Til vara krefst stefndi þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Stefndi gerði kröfu til frávísunar málsins, sem hrundið var með úrskurði, upp kveðnum 12. janúar sl.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavextir eru þeir í stórum dráttum, að stefnandi fékk heimild til að leita eftir nauðasamningum við skuldheimtumenn sína með úrskurði, upp kveðnum í Héraðsdómi Norðurlands vestra 10. maí 1994. Nauðasamningur félagsins við skuldheimtumenn þess var staðfestur með úrskurði Héraðs-

dóms Norðurlands vestra, upp kveðnum 6. september s. á. Stefndi lýsti ekki kröfum til skipaðs umsjónarmanns skuldheimtumanna og tók því ekki þátt í atkvæðagreiðslu um frumvarpið, sem samþykkt var á fundi með skuldheimtumönnum stefnanda, sem fram fór 12. júlí 1994. Þar var frumvarpið samþykkt af 28 kröfuhöfum, 87,5% af fjölda atkvæðismanna, sem fóru með atkvæðiskröfur, samtals að fjárhæð 34.993.700 kr., sem svöruðu til 92,2492% atkvæðamagns eftir fjárhæðum talið. Stefnandi hafði fengið heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði, upp kveðnum í Héraðsdómi Norðurlands vestra 19. nóvember 1993. Heimildin var síðan framlengd til 10. maí 1994 með úrskurði, upp kveðnum 11. mars s. á.

Málsaðilar eru sammála um, að frestdagur sé 17. nóvember 1993.

Með beiðni stefnanda um heimild til nauðasamninga fylgdi yfirlit yfir eignir félagsins og skuldir, eins og þær voru 19. nóvember 1993, þegar heimild til greiðslustöðvunar var veitt.

Í þeim kafla yfirlitsins, þar sem skuldum stefnanda er lýst, eru tilgreindar eftirtaldar skuldir við stefnda:

Ógreidd staðgreiðsla skatta og launat. gjöld,	kr.	4.015.000
sem nánar var þannig lýst:		
Staðgreiðsla skatta	kr.	2.080.934
Tryggingargjald	–	319.036
Orlofs- og sjúkrasjóður	–	1.614.706
Ýmsar skuldir vegna opinberra gjalda		kr. 13.540.000

Í lok ágústmánaðar 1994 átti stefnandi að fá endurgreiddan virðisaukaskatt, að fjárhæð 2.727.190 kr., þ. e. mismun á útskatti og innskatti. Sýslumannsembættið á Blönduósi ráðstafaði þessari greiðslu upp í skuld stefnanda við stefnda, sem stafaði af staðgreiðslu skatta starfsmanna stefnanda, er myndast hafði árið 1993.

Hinn 7. september s. á. var skuldajafnað með sama hætti endurgreiðslu virðisaukaskatts, að fjárhæð 548.354 kr., enn fremur 13. september s. á. endurgreiðslu, að fjárhæð 381.445 kr., og loks var skuldajafnað endurgreiðslu, að fjárhæð 251.702 kr., 19. september s. á. Síðastgreindri fjárhæð var skuldajafnað við skuld á tryggingargjaldi, en hinum tveimur var skuldajafnað til greiðslu afdreginnar staðgreiðslu skatta.

Stefnandi krafðist þess upphaflega, að stefndi yrði dæmdur til endurgreiðslu á 3.908.691 kr., þ. e. a. s. samtölu þeirra fjárhæða, sem stefndi skuldajafnaði við kröfur sínar á hendur stefnanda og að ofan er lýst.

Í tilefni dóms Hæstaréttar í málinu nr. 186/1995: Tollstjórinn í Reykjavík gegn Stálsmiðjunni hf., féll stefnandi frá kröfu um endurgreiðslu á 2.727.190

kr. og krafðist þess í stað greiðslu þeirra fjárhæða, sem skuldajafnað hafði verið, eftir að nauðasamningur stefnanda við skuldheimtumenn sína hafði hlotið staðfestingu Héraðsdóms Norðurlands vestra. Stendur því eftir 1.181.501 kr., sem svarar til stefnufjárhæðar málsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að allar þær kröfur, sem ríkissjóður hafi átt á hendur stefnanda og stefndi hafi knúið fram greiðslu á með þeim hætti, er að framan sé lýst, hafi orðið til vegna atvinnustarfsemi stefnanda fyrir upphaf nauðasamningsumleitana hans. Allir þessir kröfuliðir hafi fallið í gjalddaga löngu fyrir þann tíma, sem nauðasamningsumleitaniir stefnanda hafi byrjað. Af því leiði, að skilyrðislaust hafi átt að gera kröfurnar upp á grundvelli nauðasamningsins, sbr. 1. mgr. 29. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991, enda einsýnt, að engin þessara krafna geti fallið undir nokkurt undan- tekningarákvæði 1. mgr. 28. gr. sömu laga.

Stefnandi bendir enn fremur á, að framangreindar kröfur stefnda séu samningskröfur samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991. Stefndi sé því bundinn af úrskurði Héraðsdóms Norðurlands vestra 6. september 1994 og verði að hlíta sömu meðferð um uppgjör krafna sinna og aðrir skuldheimtumenn stefnanda, sbr. 27. gr. sömu laga.

Stefnandi vekur einnig sérstaka athygli á því, að hann hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Norðurlands vestra 19. nóvember 1993 og fram til þess, að nauðasamningsumleitaniir hófust. Honum hafi því allt frá 19. nóvember 1993 verið óheimilt að greiða umræddar kröfur stefnda, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 21/1991. Hefði stefnandi orðið uppvis að því að greiða þessar kröfur allt að einu, hefði það að öllum líkindum haft í för með sér niðurfellingu heimildar til nauðasamningsumleitana á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 42. gr. laganna.

Þá bendir stefnandi á, að samningskröfuhöfum hafi samkvæmt nauðasamningnum verið gefnir fjórir valkostir um uppgjör krafna sinna, en stefndi hafi ekki tekið afstöðu til þess, eftir hverjum þessara valkosta hann kjósi að fá kröfur sínar gerðar upp. Stefnandi hafi því ekki getað tekið afstöðu til þess, að hve miklu leyti stefndi kunni að eiga rétt til greiðslu frá stefnanda upp í þær kröfur, sem stefndi eignist við endurgreiðslu þess fjár, er hér sé gerð krafa um, en stefnandi viðurkennir rétt stefnda til að fá slíka greiðslu samkvæmt nauðasamningi félagsins, verði fallist á kröfur hans í málinu.

Um vaxtakröfur sínar vísar stefnandi til 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, en um upphafstíma vaxta vísar stefnandi til þess, að á þeim dögum, sem tilgreindir séu í kröfugerð stefnanda, hafi hann átt rétt á að fá umrædd-

ar fjárhæðir greiddar út, og hafi þessu fé þannig verið haldið fyrir sér síðan með ólögmetum hætti.

Til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni vísar stefnandi til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi mótmælir málatilbúnaði og kröfum stefnanda. Reisir hann mótmæli sín á því, að stefnanda hafi verið skylt, ótilkvöddum, samkvæmt 20. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda að greiða mánaðarlega það fé, sem hann hafi haldið eftir eða bar að halda eftir á greiðslutímabili næstliðins mánaðar, sbr. ákvæði 15. til 17. gr. laganna. Afdráttur staðgreiðslu launanna skyldi fara fram, þegar laun voru greidd starfsmönnum eða færð launamanni til tekna samkvæmt 16. gr. laganna. Gjaldalagi skila á afdrætti launa sé 1. hvers mánaðar, en eindagi fjórtán dögum síðar, sbr. 3. mgr. 20. gr. Stefndi vísar enn fremur í þessu samhengi til reglugerðar nr. 183/1990 um skil á staðgreiðslu. Hliðstæð regla gildi um gjalddaga tryggingargjalds samkvæmt 10. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingargjald.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi geti ekki átt rétt til endurgreiðslu með vísan til 26. gr. laga nr. 50/1988. Í 1. mgr. 26. gr. laganna sé mælt svo fyrir, að endurgreiða skuli skattaðila mismun á inn- og útskatti, sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærrí en útskattur. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, sbr. 10. gr. laga nr. 119/1989, sé skylt að skuldajafna kröfum um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum á móti endurgreiðslu. Skuldajöfnuður á tilgreindum kröfum ríkissjóðs við mismun á innskatti og útskatti hafi ekki aðeins verið lögmetur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar um skuldajöfnuð, heldur hafi innheimtumanni borið skylda til að láta umræddar kröfur mætast með þessum hætti.

Stefndi telur, að lög nr. 50/1988 gangi þannig í öllum tilvikum framur ákvæðum laga nr. 21/1991. Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 50/1988 geti skattaðili ekki eignast lögvarða kröfu á hendur ríkissjóði um endurgreiðslu samkvæmt 1. mgr. nefndrar 26. gr., meðan vangoldnum opinberum gjöldum samkvæmt 3. mgr. 26. gr. sé til að dreifa. Réttur til slíkrar endurgreiðslu verði aldrei ríkari við það, að heimild hafi verið veitt til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana. Skýra verði ákvæði nefndrar 26. gr. í heild, þannig, að lögvarin krafa til endurgreiðslu stofnist ekki undir neinum kringumstæðum, meðan skattaðili skuldi opinber gjöld á því tímabili, þegar endurgreiðsla hefði átt að eiga sér stað. Stefndi fallist ekki á, að ákvæði laga nr. 21/1991 geti breytt nokkru um fortakslaus fyrirmæli nefndra ákvæða laga nr. 50/1988.

Í þremur af fjórum tilvikum, sem virðisaukaskattsmun hafi verið ráðstafað til greiðslu á vangreiddum opinberum gjöldum stefnanda, hafi verið um að ræða afdregna staðgreiðslu skatta starfsmanna stefnanda, sem ekki hafði verið skilað í ríkissjóð, samtals 3.656.989 kr. Stefnandi hafði undir engum kringumstæðum haft heimild til að blanda vörslufé í eigu ríkissjóðs saman við tilraunir til að koma nýrri skipan á fjármál sín samkvæmt heimildum laga nr. 21/1991, en stefnanda hafi verið veitt heimild til greiðslustöðvunar 19. nóvember 1993. Á sama hátt hafi stefnanda verið óheimilt að blanda umræddu vörslufé saman við þau úrræði, sem hann hafði samkvæmt ákvæðum 3. þáttar laga nr. 21/1991 til að koma á nauðasamningi. Stefnandi geti ekki fallist á, að umræddir fjármunir, sem telja verði utan skuldaraðar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991, skuli teljast til eiginlegra skulda í skilningi 21. eða 27. gr., sbr. og ákvæði 3. tl. 28. gr. sömu laga. Með afdreginni staðgreiðslu sé ekki um að ræða eiginlega skattkröfu á hendur stefnda, enda gjöldin ekki á hann lögð, heldur starfsmenn hans. Endurgreiðsla fjárins geti því aldrei komið til álitu þegar af þeirri ástæðu, að féð sé honum óviðkomandi, enda kunni að felast refsiverð háttsemi í því að standa ekki skil á skattinum og nota féð til að koma nýrri skipan á fjármál á greiðslustöðvunartíma eða að semja um skil þess með nauðasamningi, svo sem stefnandi virðist reisa málatilbúnað sinn á. Vísar stefndi í því sambandi til 30. gr. laga nr. 45/1987. Það fái ekki staðist, að stefnandi haldi áfram að vera í vanskilum með vörslufé í eigu ríkissjóðs.

Stefndi telur, að af framangreindum ástæðum sé þegar um að ræða sjálfstæða ástæðu til sýknu af kröfum stefnanda, að því er varði ráðstafanir, sem lúti að afdreginni staðgreiðslu.

Stefnandi hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar 19. nóvember 1993. Frestdagur sé fyrir þann tíma. Stefnandi lítur svo á, að stefnanda hafi verið skylt að greiða öll þau opinberu gjöld, sem mynduðust eftir frest dag, þrátt fyrir greiðslustöðvun og nauðasamningsumleitanir hans. Þau vanskil opinberra gjalda stefnanda, sem greidd hafi verið með skuldajöfnuði við innskatt, eins og að framan sé lýst, hafi verið fallin í gjalddaga 1. nóvember 1993 eða síðar, eins og ráða megi af fram lögðum dóm skjölum. Einnig af þessum ástæðum hafi umræddur skuldajöfnuður verið lögmætur og ekki farið í bága við nauðasamning stefnanda. Í því sambandi bendir stefndi einnig á, að innheimtumanni ríkissjóðs hafi ekki verið tilkynnt um nauðasamning stefnanda, svo sem 2. mgr. 44. gr. laga nr. 21/1991 geri ráð fyrir. Af þessum ástæðum sé því einnig mótmælt, að vanskil stefnanda verði talin sammingskröfur.

Stefndi reisir einnig sýknukröfu sína á því, að skattkröfur ríkissjóðs hafi

verið sérstaklega tryggðar í hugsanlegum inneignum stefnanda í tengslum við virðisaukaskattsskil hans. Þess vegna verði kröfur stefnda ekki taldar sammingskröfur, sbr. 4. tl. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 21/1991.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar stefndi einkum til þeirra málsástæðna sem að framan er lýst. Í því sambandi bendir stefndi sérstaklega á, að réttaráhrifa nauðasamnings stefnanda gætti ekki fyrr en við staðfestingu hans með endanlegri dómsúrlausn, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 59. gr. sömu laga. Stefndi telur, að ráðstafanir innheimtumanns ríkissjóðs hafi farið fram fyrir þann tíma að undanskildum þeim, er fram fóru 19. september 1994. Auk þess mótmælir stefndi upphafstíma vaxta. Telur stefndi, að þar sem um bótakröfu sé að ræða, verði ekki unnt að dæma dráttarvexti nema frá 22. október 1994.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða.

Krafa stefnanda lýtur að því, að endurgreitt verði það fé, sem innheimtumaður stefnda, sýslumaðurinn á Blönduósi, nýtti til skuldajöfnunar við tilgreindar skuldir stefnanda, eftir að nauðasamningur félagsins hafði verið staðfestur af Héraðsdómi Norðurlands vestra 6. september 1994.

Eins og að framan greinir, reisir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi geti ekki tryggt sér betri rétt til greiðslu krafna sinna, sem gjaldfallnar voru fyrir fresttag, þ. e. 17. nóvember 1993, en aðrir kröfuhafar stefnanda. Með því væri raskað því jafnræði milli skuldheimtumanna stefnanda, sem gjaldprotaskiptalög nr. 21/1991 mæli fyrir um og grundvallist á.

Kröfur stefnda séu sammingskröfur skv. 29. gr. gjskl., og eigi stefndi því að sæta sömu skilyrðum og allir aðrir sammingskröfuhafar stefnanda.

Ljóst sé, að virðisaukattsinnneign stefnanda hafi myndast eftir fresttag, og því sé það andstætt tilgangi gjaldprotaskiptalaga, að stefndi geti bætt stöðu sína á kostnað annarra skuldheimtumanna með skuldajöfnuði a. m. k. eftir 6. september 1994, er nauðasamningur stefnanda var staðfestur af Héraðsdómi Norðurlands vestra.

Við úrlausn þessa sakarefnis verður fyrst tekin afstaða til eðlis þeirra krafna stefnda, sem hann greiddi sér með skuldajöfnuði. Að meginhluta til var um að ræða greiðslu á vanskilum, sem stöfuðu af afdreginni staðgreiðslu skatta starfsmanna stefnanda, en einnig var beitt skuldajöfnuði til greiðslu inn á tryggingargjaldsskuld stefnanda.

Stefndi heldur því fram, að um sé að ræða vörslufé, sem stefnandi hafi engan rétt átt til að hagnýta sér, heldur hafi honum borið að halda fénu aðgreindu frá eigin fjármunum.

Í lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda var upphaflega ákvæði, sem skipaði kröfum vegna afdreginna opinberra gjalda starfsmanna í forgangs röð í þrotabúi vinnuveitanda, 2. mgr. 29. gr. Þessu ákvæði var breytt með lögum nr. 78/1989, þannig, að í núgildandi löggjöf um staðgreiðslu opinberra gjalda eru engin ákvæði, sem veita kröfum af þessu tagi forgang umfram sammingskröfur.

Með lögum nr. 32/1974 um breytingu á lögum nr. 3/1878 var felld niður sú regla, að opinber gjöld væru forgangskröfur. Engin lagabreyting hefur orðið í átt til fyrri skipanar, ef undan er skilið áðurgreint ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, sem felld hefur verið úr gildi.

Dómurinn lítur svo á, að túlka beri 29. gr. gjskl., sbr. 28. gr. sömu laga, á þann veg, að öll opinber gjöld, hverju nafni sem nefnast, skuli teljast sammingskröfur og hljóta þau örlög, sem ráðast af ákvörðun fundar skuldheimtumanna skuldara, sbr. 48. og 49. gr. gjskl., nema annað sé sérstaklega ákveðið í sér lögum, en því er ekki til að dreifa í tilviki því, sem hér er til úrlausnar.

Það er því niðurstaða dómsins, að kröfur þær, sem stefndi fékk greiddar með skuldajöfnuði, skuli teljast sammingskröfur eins og aðrar kröfur stefnda á hendur stefnanda. Falla þær því undir ákvæði hins staðfesta nauðasamnings, og ber að færa þær niður með sama hætti og aðrar sammingskröfur.

Því er hafnað þeirri málsástæðu stefnda, að afdregin staðgreiðsla skuli teljast utan skuldaraðar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991.

Pá er og hafnað þeirri málsvörn stefnda, að kröfur hans séu sérstaklega tryggðar í hugsanlegum inneignum stefnanda í tengslum við virðisaukaskattsskil hans, svo og öðrum málsástæðum stefnda, sem lýst er hér að framan. Víkið verður síðar að heimild stefnda til skuldajöfnunar.

Þess er áður getið, að nauðasamningur stefnanda veitti skuldheimtumönnum félagsins val um það, með hvaða hætti skuldir þeirra yrðu greiddar.

Í 1. grein hins staðfesta nauðasamnings er boðið upp á eftirfarandi valkosti. Hún er svohljóðandi:

„Lánardrottnum, sem fara með sammingskröfur, er boðið valkvætt eftir óskum sínum:

I. Greiðsla á 30% krafna sinna, sem greiðast þannig: a) 10% kröfu greiðist innan þriggja mánaða frá staðfestingu nauðasamnings. b) Næstu 10% greiðast innan tólf mánaða frá staðfestingu nauðasamnings. c) Þau 10%, sem eftir eru, greiðast innan átján mánaða frá staðfestingu nauðasamnings.

II. Lánardrottnar, sem eiga kröfur að fjárhæð 50.000 kr. eða lægri, fá þær

greiddar að fullu innan þriggja mánaða frá staðfestingu nauðasamnings. Þeim aðilum, sem eiga kröfu að fjárhæð 50.001 kr. eða hærri, býðst að fá 50.000 kr. upp í sína kröfu innan þriggja mánaða frá staðfestingu nauðasamnings, og telst hún þá að fullu greidd.

III. Greiðsla á 40% krafna sinna með skuldabréfi, út gefnu af Hólanesi hf., sem afhendist ekki síðar en fjórum vikum eftir staðfestingu nauðasamnings. Skuldabréfið er til tíu ára, bundið lánskjaravísitölu miðað við grunnvísitölu 1. apríl 1994, og ber 6% fasta ársvexti frá útgáfudegi. Skuldabréfið skal greiða með sextán jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. sept. 1996, en vaxtaafborganir greiðast frá fyrsta sept. 1994 á sex mánaða fresti. Skuldabréfið skal vera tryggt, hliðsett öðrum kröfuhöfum, sem velja þessa leið, á aftasta veðrétti í hraðfrystihúsi Hólaness á Höfða, Skagaströnd.

IV. Greiðsla á 100% krafna sinna með því að skuldari gefi út hlutabréf í Hólanesi hf. til samningskröfuhafa innan tveggja mánaða frá staðfestingu nauðasamnings.“

Stefnandi fullyrðir, að stefndi hafi ekki enn tekið afstöðu til þess, hvern valkostinn hann kjósi, og hefur stefndi ekki mótmælt þeirri staðhæfingu.

Liggur því næst fyrir að taka afstöðu til þess, hvort stefnda hafi verið heimilt að beita skuldajöfnuði með þeim hætti, sem hann viðhafði.

Í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 186/1995 er fjallað um heimild stefnda til að skuldajafna innskatti við vangreidd opinber gjöld, eftir að skuldara hafði verið veitt heimild til greiðslustöðvunar. Í dóminum er vísað til 3. mgr. 26. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, eins og henni hefur verið breytt með 10. gr. laga nr. 119/1989 og 23. gr. laga nr. 122/1993. Hún hljóðar svo: „Endurgreiðsla skv. 1. mgr. má því aðeins fara fram, að skattákvörðun liggja fyrir vegna fyrri tímabila. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslum samkvæmt lögum þessum.“

Hæstiréttur skýrir lagagreinina svo: „Regla þessi er afdráttarlaus. Ljóst er, að tilgangur hennar er sá, að réttur skattaðila til endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt 1. mgr. stofnist ekki, ef til er að dreifa vangoldnum opinberum gjöldum hans og sköttum. Lögvarin krafa til endurgreiðslu stofnast því ekki, á meðan skattaðili er í slíkri skuld við ríkissjóð.“

Hæstiréttur hafnar því síðan eftir frekari útlistun, að heimild til greiðslustöðvunar hafi áhrif á rétt stefnda til skuldajöfnunar.

Með tilvitnuðum dómi hefur Hæstiréttur, að því er virðist, slegið því föstu, að stefnda sé ávallt heimilt að beita skuldajöfnuði, þegar svo stendur á, að skuldari eignast kröfu á ríkissjóð vegna ofgreidds virðisaukaskatts, en skuldar jafnframt opinber gjöld.

Með vísan til þessarar niðurstöðu Hæstaréttar er það álit dómsins, að stefnda hafi verið heimilt að beita skuldajöfnuði, þó þannig, að krafa hans skal sæta þeirri skerðingu, sem ákvæði hins staðfesta nauðasamnings mælir fyrir um.

Stefnandi á því ekki rétt á því að fá endurgreidda þá fjárhæð, sem hann gerir kröfu til, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda á hendur honum.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að hvor málsaðila beri sinn kostnað af því.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, ríkissjóður Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hólaness hf.

Hvor málsaðili skal bera sinn kostnað af málinu.
